

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1995

25. október 1995

1371

Nr. 544

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0601.2002	Pottapl. af ættkv. Bromilea einnig plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0601.2003	Grænar pottaplöntur undir 1 m	01.11.-31.12	1.000	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0601.2003	Plöntur af ættkvíslinni Chamacyparis og kaktusar og þykkblöðungar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0601.2004	Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1 m	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	01.11.-31.12	ótilgr.	0	0
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0602.9900	Staurar af Dracaena til framhaldsræktunar, með rót	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0603.1003	Ættkvíslar Protea, Bankasía o.fl.	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.11.-31.12	2.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. nóvember 1995 og gildir til 31. desember 1995. Frá gildistöku reglugerðarinnar falla úr gildi reglugerðir nr. 446/1995, nr. 458/1995 og nr. 503/1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.